

Það vottast, að rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmaet.

Því dæmist rjett að vera :

Hinn ákærði Árni Björnsson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu og greiða allan af málinu bæði í hjeradi og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Jóhannesar Ólafssonar og Páls Melsteðs 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 21/1884.

Páll Eyjólfsson

gegn

Sigurði Jónssyni.

D ó m u r :

Hinn stefndi í máli þessu, Sigurður fangavörður Jónsson, hefur krafizt, að málinu verði vísað frá landsyfirdóminum fyrir þá sök, að maður sá, sem mætti af hendi áfrýjandans, þegar málið kom fyrir landsyfirdóminn, og sem ekki er fastur málaflutningsmaður við yfirdóminn, en mætti fyrir honum eptir löggingdlandshöfðingjans, hafi ekki fært neinar sönnur á, að hann hefði umboð af hendi málsaðila til að sækja málið í yfirdómi, og hefur hinn stefndi einnig krafizt, að sjer verði dæmdur kostur og tæring fyrir að hafa mætt að árangurslausu. Hinn löggilti talsmaður áfrýjandans hefur aptur á móti haldið því

fram, að þar eð það sje tekið fram í löggildingu landshöfðingjans, sem hann hafi lagt fram fyrir yfirdóm-inn, að hann hafi umboð af hendi Páls Eyjólfssonar, áfrýjanda þessa máls, til að flytja það fyrir yfirdóm-inum, þá sje það næg sönnun fyrir heimild sinni til að sækja málið af hendi áfrýjandans.

Þar eð löggilding landshöfðingjans að eins hefur inni að halda heimild fyrir þann, sem hún er veitt, til að koma fram fyrir yfirdóminum og flytja þar tiltekið mál, þótt hann ekki sje fastur málaflutningsmaður við landsyfirdóminn, en landshöfðinginn hins vegar ekki rannsakar, eins og það heldur ekki ber undir hann að rannsaka sannanir málflytjanda fyrir umboði hans til að fara með málið, þá getur löggilding sú, sem málflytjandinn hefur lagt fram, ekki tekið til greina sem nægileg sönnun fyrir umboði hans til að flytja málið, og með því að hann ekki hefur komið fram með aðrar sannanir fyrir umboði sínu, þá ber að vísa málinu frá yfirdóminum, og getur áfrýjandinn, sem ekki hefur látið mæta löglega af sinni hendi fyrir yfirdóminum, þegar áfrýjunarstefna hans fjell í dóm, ekki komizt hjá að greiða hinum stefnda kost og tæringu eptir kröfu hans fyrir að hafa mætt að árangurslausu, og virðist það hæfilega metið 5 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn, Páll Eyjólfsson, greiði hinum stefnda, Sigurði Jónssyni, 5 kr. í kost og tæringu, sem

